Ed. **349. Nefndarálit** **[65. mál]**

um frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og m. a. leitað umsagnar Orkustofnunar og Rafmagnsveitna ríkisins. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meirí hl. leggur til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari athugunar.

Umsögn Rafmagnsveitna ríkisins er birt sem fylgiskjal með áliti þessu.

Alþingi, 8. febr. 1971.

Sveinn Guðmundsson, form., frsm.

Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.

Jónas G. Rafnar.

Axel Jónsson.

Fylgiskjal.

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS
Iðnaðarnefnd efri deildar Alþingis, Alþingi,
Reykjavík.

2. desember 1970.

Með bréfi iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis er óskað umsagnar um 67. frv. til laga um breytingu á orkulögum. Breytingin fjallar um fyrirgreiðslu bænda, sem hyggjast koma sér upp eigin rafstöðvum.

Í 71. gr. orkulaga eru þrenns konar ákvæði um fyrirgreiðslu til bænda varðandi rafvæðingu. Þau eru í reynd þessi:

1. Bændur, sem fá rafmagn frá samveitum Rafmagnsveitna ríkisins, greiða heimtaugagjald, en það nemur til jafnaðar um 25 þús. kr. Ríkissjóður greiðir annan kostnað við línu til þeirra, og nemur það framlag um 260 þús. kr., miðað við nálægt 1.5 km línulengd á notanda. Síðan greiða bændur raforkunotkun sína skv. hinni alm. gjaldskrá, sem er ein og hin sama á öllum svæðum Rafmagnsveitna ríkisins, í kauptúnum og sveitum.
2. Bændur, sem koma sér upp eigin mótorstöðvum, fá lán, allt að 80% af stofnkostnaði.
3. Bændur, sem byggja eigin vatnsaflsstöðvar, fá lán, allt að 67% stofnkostnaðar.

Umrætt frumvarp til breytingar fjallar um 3. lið, þannig að í stað 67% láns komi allt að 90% lán og framlag, þar af allt að 75% lán og allt að 15% framlag.

Það er erfitt að gera sér grein fyrir, hvaða hundraðstölu ætti að velja í þessum efnum. Í stað þess munu hér verða settar fram nokkrar hugleiðingar um þessi mál almennt, um rafvæðingu dreifbýlisins.

Í frumáætlun, sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa gert um rafvæðingu sveitabýla frá samveitum í allt að 4 km meðallengd að býli, er niðurstaðan sú, að það muni kosta um 300 millj. kr., og er þá miðað við verðlag vorið 1970 og það sem eftir stendur af rafvæðingu í byrjun ársins 1971. Tala býla er hér um 860, og er því stofnkostnaður á býli nálægt 350 þús. kr. til jafnaðar.

Að þeirri rafvæðingu lokinni standa eftir um 200 býli utan samveitu.

Nú má gera tilraun til að kanna raforkukostnað við áðurnefnda þrjá flokka, 1., 2. og 3. lið. Slíkt er þó mjög erfitt, sérstaklega vegna mismunandi þátta, sem fram koma við 3. lið.

Til samanburðar skal þó tekið dæmi frá samveitu, en þar er algengt, að hvert býli geti haft til ráðstöfunar 10 kW og að reynslutala um alhliða notkun, markafltaxta, er 21 000 kWst. á ári að meðaltali. Bóndinn greiðir hér fyrir þessa notkun um 37 000.00 kr. miðað við orkuverð 1970. Auk þess hefur hann greitt heimtaugargjald, í eitt skipti fyrir öll, um 25 000.00. Til samanburðar við síðari valkosti skulu reiknaðir hér 8.5% vextir af þeirri upphæð, og er þá greiðsla bóndans á ári um 39 100.00 kr. eða um 1.86 kr. á kWst. Í þessu verði er innifalinn 11% söluskattur, en hann kemur ekki til við einkastöðvar.

Bóndinn, sem byggir eigin mótorstöð, 10 kW að stærð, verður að greiða fyrir hana nálægt 200 þús. kr. Fjármagnskostnaður miðast við jafnar greiðslur til vaxta og afborgana 10 ár og 8.5% eða um 15%. Viðhaldskostnaður reiknast 5% og eldsneytiskostnaður um 2 kr. á hverja af áðurnefndum 21 000 kWst. Árlegur rekstrarkostnaður verður þá 30+10+42=82 þús. kr., eða um 3.90 kr. á kWst. Rétt er þó að taka fram, að algengasta stærð mótorstöðvar mun nú vera um 6 kW.

Varðandi bóndann, sem byggir eigin vatnsaflsstöð, er margt í óvissu um stofn- og rekstrarkostnað. Aðstaða til virkjunar er mjög mismunandi, og ýmisleg atriði gera rekstrarkostnað óvissan, því oft hefur það orðið svo, að ýmisleg óhöpp hafa gert rekstur þessara stöðva illviðráðanlegan. Þó skal ekki gert ráð fyrir hinu síðar-

nefnda í þessum samanburði. Stofnkostnaður er mjög breytilegur eftir aðstæðum, og eru áætlanatölur allt frá 35 000.00 til 70 000.00 á hvert kW, ásamt nokkurri línulengd frá stöð að býli. Stofnkostnaður 10 kW stöðvar getur því verið frá 350 þús. kr. upp í 700 þús. kr. Fjármagnskostnaður miðast við 20 ár og 8.5% eða 10.5% á ári, en viðhaldskostnaður 3%. Rekstrarkostnaður verður þá 13.5% af 350—700 þús. eða 47 500.00 til 95 000.00 kr. Miðað við 21 000 kWst. notkun, sem áður, er þá verðið 2.25 til 4.50 kr. á kWst. Raunverulega er þó hæpið, að bóndinn geti fengið lán til 20 ára, eins og gert er ráð fyrir hér að framan varðandi fyrningartíma, og verða þá útgjöld hans mun meiri á lánstímanum.

Niðurstaðan er því, miðað við áðurnefnda fyrirvara, að þetta kostar bóndann:

1. Við samveitu 39 100.00 kr. á ári eða 1.86 kr. á kWst.
2. Við eigin mótorstöð 82 000.00 kr. á ári eða 3.90 kr. á kWst.
3. Við eigin vatnsaflsstöð 47 500.00 til 95 000.00 kr. á ári eða 2.25 til 4.50 kr. á kWst.

Eins og áður er fram tekið, er þetta sett fram með mjög miklum fyrirvara um 2. og 3. lið og þó sérstaklega um 3. lið.

Samanburðurinn gefur þó vísbendingu um æskilega endurskoðun þessara mála og einnig um það, að nefnt lagafrumvarp bætir hér ekki mjög mikið um.

Nú er stórum áfanga náð í rafvæðingu dreifbýlisins, með því að verið er að ljúka rafvæðingu með 1.5 km meðallengd á býli. Um leið og nýtt mark er sett í þessum efnum, er full ástæða til að kanna, með hvaða hætti hægt er að fjármagna samveitur, og þá jafnvel að fjármagna á sama hátt rafvæðingu á tilteknum einangruðum svæðum, „einangraðar samveitur". Í þessum efnum kemur til greina samhjálp eða samstaða alls „raforkuiðnaðarins" (vinnsla, dreifing og sala), hliðstætt því, sem nú er hér á landi í málefnum síma, hljóðvarps og sjónvarps. Í öðrum löndum Evrópu er mjög víða komið á slíkri samstöðu í raforkuiðnaðinum, en í öðrum löndum stefnir þróunin í sömu átt. Varðandi fjárhagsaðstöðu slíkrar einingar til rafvæðingar hér á landi má geta þess, að árleg raforkusala er nú nálægt 1000 millj. kr.

Hér á landi kann þróunin í raforkuiðnaði að stefna í sömu átt sem í öðrum löndum Evrópu, þótt hún kunni að verða á margra ára tímabili.

Með tilliti til þessa vil ég leyfa mér að benda á, að æskilegt er að fara varlega í hlutfallslega miklum fjárfestingum til rafstöðva fyrir einstök býli, nema að undangenginni athugun um framtíðarlausn þessara mála, og þá að kannað verði, hvernig slíkt falli inn í heildarskipulag, sem sett yrði.

Virðingarfyllst,

Valgarð Thoroddsen.